

BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

Alþingi

GRETTISGÖTU 89, 105 REYKJAVÍK
SÍMI 91 - 626688, FAX 91 - 629106



Erindi nr. Þ 117 / 1646

28. apríl 1994

komudagur 28/4 1994

Heilbrigðis- og trygginganefnd.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi. Umsögn var gefin munnlega en eftirfarandi er til áréttingar:

Ljóst er að frumvarpið er að hluta til lagt fram í samræmi við skuldbindingar vegna EES. Athygli vekur þó að í athugasemdum með frumvarpinu er bent á að það sé fyrst með þeirri löggjöf Evrópubandalagsins (nú Evrópusambandsins) sem samþykkt hefur verið eftir gildistöku EES-samningsins eins og hann var fyrst samþykktur í maí 1992, að gert er ráð fyrir einum sameiginlegum váttryggingamarkaði á hinu Evrópska efnahagssvæði á þeim forsendum sem nú er talað um. Íslendingar eigi hins vegar ekki annarra kosta vöð en en lögbinda efnislega þessar breytingar "á fyrri helmingi þessa árs og hrinda í framkvæmd eigi síðar en 1. júlí 1994". Evrópulöggjöfin setur með öðrum orðum íslenski löggjafarsamkundu mjög þröngar skorður við umfjöllun þessarar lagasmíðar og sannast þar að sú gagnrýni, sem efasemdarmenn um EES settu fram á sínum tíma um að lagasmíð yrði flutt úr landi með tilkomu EES, hefur átt við rök að styðjast.

Ástæða er til að leggja áherslu á að með þessum lögum verður grundvallarbreyting á fyrirkomulagi brunatrygginga þannig að sameiginlegar tryggingar á vegum bæjarfélags verða ekki heimilar eins og til dæmis tíðkast hjá Húsatryggingum Reykjavíkur. Þar virðist þó vera um að ræða ákjósanlegt fyrirkomulag, hagkvæmt og ódýrt fyrir borgarbúa auk þess sem arðurinn af tryggingastarfseminni rennur til samfélagslegra þarfa, þ.e.a.s. til að halda uppi slökkviliði og brunavörnum.

Án efa yrði erfitt að halda iðgjöldum eins lágum og raun ber vitni (14 hundruð krónur fyrir hverjar 10 milljónir) eftir að fyrirkomulaginu hefur verið breytt í þá veru að iðgjaldagreiðendur þurfa að standa straum af tilkostnaði við skrifstofuhald og auglýsingastríð tryggingafyrirtækjanna að ógleymdum kröfum nýrra eigenda um arð af rekstrinum.

Á þeirri forsendu að frumvarp þetta kemur beinlínis í veg fyrir hagkvæmar tryggingar og skynsamlegt fyrirkomulag hlýtur BSRB að setja fram mótmæli við því að það verði fest í lög.

Með kveðju,

Ögmundur Jónasson, form.BSRB